

Íslensk sérsníðuð bifreið

- upplýsingar um atriði sem þarf að uppfylla fyrir forskráningu og skoðun -

Fyrir forskráningu hjá Samgöngustofu:

Bifreiðin þarf að uppfylla kröfur um skráningu samkvæmt reglugerð um skráningu ökutækja nr. 751/2003. Einnig skal framvísa upplýsingum um grind og hreyfil.

Grind:

1. Nýsmíði

Þegar smíðuð er grind frá grunni skal framvísa suðuvottorði frá viðurkenndum úttektaðila.

2. Tilbúin ný grind

Þegar tilbúin ný grind er notuð skal framvísa framleiðsluvottorði sem segir til um eiginleika grindar.

3. Tilbúin notuð grind

Þegar tilbúin notuð grind er notuð skal vísa í skráningarskírteini bifreiðarinnar sem grindin er fengin úr.

Hreyfill:

1. Nýr hreyfill

Upplýsingum um hreyfilinn skal framvísað við forskráningu.

2. Notaður hreyfill

Skráningarskírteini eldri bifreiðar skal framvísað við forskráningu. Bifreiðin þarf að hafa verið skráð á Íslandi áður.

Fyrir skoðun á skoðunarstöð:

Allur annar búnaður bifreiðarinnar skal vera í samræmi við reglugerð um gerð og búnað ökutækja nr. 822/2004. Hafa ber í huga að samkvæmt sömu reglugerð eru íslensk smíðaðar bifreiðar einungis ætlaðar til eigin nota. Merkingin „Íslensk, sérsníðuð bifreið“ skal vera staðsett á hvalbaki undir vélarhlíf.